

Erlendir ferðamenn og hringvegurinn 2010-2018. Rögnvaldur Guðmundsson, Rannsóknir og ráðgjöf ferðaþjónustunnar ehf - ágúst 2019.

Rannsóknasjóður Vegagerðarinnar hefur styrkt nokkrar samantektir kannana sem gerðar hafa verið meðal erlendra ferðamanna. Meðal þeirra er könnunin „Dear visitor“ meðal erlendra brottfarargesta á friðhafnarsvæði Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar, allt frá árinu 1996. Í þessari skýrslu eru auk annars tekin saman gögn fyrir árin 2010 til 2018. Meðal þess sem fram kemur er eftirfarandi, en sumt af því hefur komið fram áður í fyrri skýrslum.

Ferðamönnum utan sumartíma hefur fjölgað meira en sumargestum í júní, júlí og ágúst, sem þýðir betri nýtingu fjárfestingar í greininni. Árin 2015 til 2018 er stöðug aukning á ferðamönnum frá Norður Ameríku, en lítilleg fækkun frá öðrum svæðum, einkum milli árana 2017 og 2018. Farþegum í hópferðum hefur fækkað hlutfallslega frá árinu 1996, þegar þeir voru um helmingur ferðamanna, en hafa verið ríflega 10% undanfarin ár. Að sama skapi hefur hlutfall ferða á eigin vegum aukist og af því hefur leitt aukning á akstri bílaleigubíla. Árið 2018 notuðu hlutfallslega fleiri hópferðabíla að vetri (46%) en sumri (27%).

Fram kemur að hlutfall þeirra ferðamanna sem nota bílaleigubíla hefur aukist frá árinu 2010, þegar það var um 37% til 2018 þegar það er orðið um 60%. Samkvæmt tölum notuðu 7,2 sinnum fleiri ferðamenn bílaleigubíla árið 2018 (1,3 milljónir) miðað við 2010 (180 þúsund). Yfir helstu vetrarmánuðina (nóvember til febrúar) er aukningin enn meiri þar sem 253 þúsund nýta sér bílaleigubíla 2018 á móti 17 þúsund 2010 (15 föld fjölgun). Aukning akstursvegalengdar er úr 100 milljón kílómetra árið 2010 í 660 milljón kílómetra 2018.

Í „Dear visitor“ könnuninni voru sérstakar spurningar um hringveginn, frá júní 2018. Samkvæmt svörum vissu yfir 60% allra af hringveginum áður en þeir komu og yfir þrjú fjórðu af þeim sem leigðu bílaleigubíl. Árið 2018 fóru 32% sumarferðamanna allan hringinn og 16% utan sumars (sept.-des.) og ferðamenn á bílaleigubílum voru fjórfalt líklegri til að fara allan hringinn. Þegar þetta er borið saman við fyrri ár, kemur í ljós að hlutfall sumargesta sem fer hringinn hefur lækkað frá árinu 2010, en hlutfall þeirra sem fara hringinn utan sumartíma hefur hækkað verulega.

Þeir sem fóru hringinn gáfu honum einkunn og á skalanum 1-10 var hún 8,2 frá sumarferðamönnum, en 8,8 frá þeim sem fóru utan sumartíma. Ferðamenn frá Asíu eru ekki eins ánægðir og gefa lægri einkunn (7,5).

Í skýrslunni er greint frá athugun á umferð á tíu stöðum á við hringveginn. Áætlað er að akstur útlendinga í bílaleigubílum hafi margfaldast á öllum stöðunum. Sumardagsumferð milli 4 og 6 faldast en vetrardagsumferð mun meira eða á bilinu 13 (í Hrútafirði) til 44 faldast (við Lómagnúp). Hlutfall erlendra ökumanna af ársdagsumferð 2018 er áætlað hæst við Lómagnúp (76%) og lægst á Sandskeiði (13%).